

Alþingi
Erindi nr. P 13S/1789
komudagur 12.3.2008



Alþingi-nefndasvið
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík
ICELAND

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
agnes@fornleifavernd.is

Reykjavík 10. mars 2008
Tilvísun: Fvr 2008030007 IAS

Efni: Tillaga til þingsályktunar. Lagning raflína í jörð.

Fornleifavernd ríkisins hefur borist til umsagnar eftirfarandi tillaga að þingsályktun um lagningu raflagna í jörð:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórn Íslands að skipa nefnd er móti stefnu um hvernig leggja megi á næstu árum og áratugum raflínur í jörð sem nú eru ofan jarðar. Nefndina skipi einn fulltrúi frá hverjum eftirtalinna aðila: fjármálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, umhverfisráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samorku, náttúruverndarsamtökum, Landsneti, iðnaðarnefnd Alþingis og umhverfisnefnd Alþingis og skili hún Alþingi skýrslu um störf sín.

Í 14. grein Þjóðminjalaga nr. 107/2001 segir orðrétt:


Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggð geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaf framkvæmdir, flugvallargerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum. Kostnaður Fornleifaverndar ríkisins vegna athugunar á fornleifafundi sem gerð er í því augnamiði að staðfesta eðli og umfang fundarins skal greiddur af stofnuninni. Framkvæmdaraðili greiðir kostnað vegna þeirra rannsókna á fornleifum sem Fornleifavernd ríkisins úrskurðar að séu nauðsynlegar vegna athafna hans. Fornleifavernd ríkisins er heimilt að leiðbeina framkvæmdaraðilum um kostnaðaráætlun, útboð og framkvæmd rannsóknarverkefna. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

Ljóst er að lagning raflína í jörð mun hafa mun meiri áhrif á fornleifar en lagning loftlína. Fornleifaskráning á Íslandi er enn sem komið er of skammt á veg komin til að unnt sé að meta áhrif slíkra lagna til fulls. Áætlað er að einungis þriðjungur landsins hafi verið skráður á vettvangi með tillit til fornleifa og sé litið til hálendisins sérstaklega, hefur innan við 10 %

svæðisins verið skráð á vettvangi. Fornleifavernd ríkisins vill því mælast til þess að í nefnd þá sem lagt er til að verði stofnuð samkvæmt þingályktunartillögum, verði einnig tilnefndur fulltrúi frá Fornleifavernd ríkisins og/eða menntamálaráðuneyti, sem hefur yfirstjórn með málaflokknum.

Virðingarfyllt

F.h.f.


Agnes Stefánsdóttir, deildarstjóri